

58. Fundur stúdentaráðs

Fundarritari: Andrés Tryggvi Jakobsson

Mæting

Sólveig María Árnadóttir (formaður), **Andrés Tryggvi Jakobsson** (varaformaður) og **Einar Hannesson** (fjármálastjóri)

DATA: Þórný Stefánsdóttir

EIR: Þórey Erla Erlingsdóttir

KUMPÁNI: Óli Valur Pétursson

MAGISTER: Karen Ósk Kristjánsdóttir

REKI: Ágústa Skúladóttir

STAFNBÚI: Gunnhildur Dís Gunnarsdóttir í fjarfundarbúnaði

Amelía Ósk Hjálmarsdóttir boðaði forföll

PEMIS: Orri Kristjánsson

ALÞJÓÐANEFND: Eydís Sigurðardóttir Schiöth

KYNNINGANEFND: Birna Heiðarsdóttir

VIÐBURÐANEFND: Helga Björg Loftsdóttir

FJARNEMANEFND:

ÁHEYRNARFULLTRÚAR:

Dagskrá

- I. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
- II. Styrktarbeiðni
- III. Fjárhagsáætlanir aðildarfélaga og fastanefnda
- IV. Skráningar aðildarfélaga
- V. Sprellmót
- VI. LÍS
- VII. LÝSA
- VIII. Önnur mál
 1. Fastar greiðslur
 2. Nýr styrktaraðili SHA
 3. Gil Kaffihús
 4. Apótek guesthouse
 5. Hugrún geðfræðslufélag
 6. Jafnréttisdagar
 7. Opnir dagar
 8. Alþjóðanefnd

I. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundur settur fundur kl 12:01 – Fresta að samþykkja fundargerðir til næsta fundar

II. Styrktarbeiðni

Styrktarbeiðnin lögð til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

III. Fjárhagsáætlanir aðildarfélaga og fastanefnda

Fundargestir minntir á að skila inn fjárhagsáætlunum sem fyrst

IV. Skráningar aðildarfélaga

Sólveig segir frá skráning gangi frekar hægt. Andrés nefnir að hægt sé að rukka fólk sem ekki er í félaginu fyrir viðburði.

V. Sprellmót

Sólveig biður um tölu á félögum sem ætla að mæta upp á rútuferðir. Minnir á að það eru bara tvær vikur í sprellmótið. Sambærilegt snið og í fyrra. Hittingur á torginu kl 14. Senda á Helgu Björg strax og búið er að ákveða búning svo ekki kom upp vesen. Það verða pizzur í boði um kvöldið. Bannað að klifra upp fánastöng.

VI. LÍS

Lísa Margrét Rúnarsdóttir er farin í ársleyfi og Ágústa Skúladóttir kemur í hennar stað. Andrés fer líklega á fund vegna sammings við MRN.

VII. LÝSA

Viðburðir í Hofi um helgina. Á morgun (8 sept) verður Sólveig í pallborðsumræðum um menntastefnu.

VIII. Önnur mál

a. Fastar greiðslur

Fastar greiðslur til aðildarfélaga. Auknar aftur í 160 þús úr 100 þús en sameiginlegir viðburðir eins og Halloween og próflokadjömm lenda á aðildarfélögum.

b. Nýr styrktaraðili SHA

Íslandsbanki er nýr samstarfsaðili SHA, þurfa öll aðildarfélög að breyta yfir í Íslandsbanka sem fyrst.

c. Gil Kaffihús

Óskað eftir hugmyndum að viðburðum sem gætu verið haldnir yfir daginn á Gil Kaffihúsi

d. Apótek guesthouse

Vilja vera með tilboð fyrir stúdenta – verður sett á sha.is þegar opnað verður fyrir afslætti

e. Hugrún geðfræðslufélag

Hafa hug á þjálfra einstaklinga fyrir norðan. Þau hjá hugrónu hafa líka sett sig í samband við Eir og Kumpána.

f. Jafnréttisdagar

SHA verður með einn dag á Jafnréttisdögum og er búið að bóka Þorsteinn V. Einarsson til að vera með erindi um #karlmennskuna

g. Opnir dagar

Beðið um hjálp til að manna stöður á opnu dögnum. Birna með málið

h. Alþjóðanefnd

Vantaði enn fulltrúa í alþjóðanefnd og voru fundargestir minntir á það

Fundi slitið 12:40